



ÁRSSKÝRSLA ATVINNUTORGS Í REYKJAVÍK 2013

Atvinnutorg í Reykjavík



Reykjavíkurborg

ÁRSSKÝRSLA ATVINNUTORGs Í REYKJAVÍK 2013

Atvinnutorg í Reykjavík

ÁVARP VERKEFNISSTJÓRA.

Þann 1. janúar 2013 var verkefnið Atvinnutorg í Reykjavík fært frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar yfir til nýstofnaðrar atvinnumáladeildar sem heyrir undir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Markmið þess var að sameina atvinnumál Reykjavíkurborgar undir einn hatt og hefur reynslan af þeim flutningum reynst Atvinnutorgi vel. Nálægð við störfin hjá borginni og heildstæðara andlit atvinnumála eru einna helst þau atriði sem komið hafa Atvinnutorgi að góðum notum á árinu. Eins hefur utanumhald ráðningarsamninga alfarið færst frá Atvinnutorgi til atvinnumáladeildar sem er mjög jákvætt skref.

Á þessu öðru starfsári Atvinnutorgs var framkvæmd rannsókn í sumar sem sýndi mjög almenna ánægju okkar skjólstæðinga með þá þjónustu sem við veitum og er það stór rós í hnappagat þeirra ráðgjafa sem þjónusta það unga fólk sem hingað kemur.

Auk þess var Atvinnutorg þess heiðurs aðnjótandi að vera boðið á samnorræna ráðstefnu í Stokkhólmi um miðjan maí þar sem bestu atvinnuúrræðin fyrir ungt fólk á Norðurlöndunum fengu tækifæri til að kynna sig fyrir ráðstefnugestum og ráðherrum þjóðanna.

Enn einu sinni stöndum við á Atvinnutorg á tímapunkti breytinga og nú mun úrræðið færast upp á 2.hæð í Kringlunni 1 auk þess að stækka skjólstæðingahóp sinn til muna þegar þjónustumiðstöðvar fara að vísa hingað fólki á öllum aldri. Það eru því spennandi tímar framundan í hlýlegra og betra andrúmslofti fyrir bæði notendur þjónustunnar og starfsfólk Atvinnutorgs.

Við hlökkum öll til framhaldsins !

Tryggvi Haraldsson

Forstöðumaður/verkefnisstjóri Atvinnutorgs í Reykjavík

ÞJÓNUSTA ATVINNUTORGS Í REYKJAVÍK

Þjónusta Atvinnutorgs í Reykjavík er ætluð vinnufærum atvinnuleitendum á aldrinum 16-29 ára en breyting varð á um mitt sumar 2013 þegar efri aldursmörk voru færð úr 24 árum í 29 ár. Áhersla er fyrst og fremst á að sinna þjónustu við þá sem ekki eru tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins en úrræðið nýtist einnig þeim sem eru að ljúka bótarétti sínum, sé það mat aðila að þeir þurfi meiri stuðning en almennt getur talist.

Þjónusta Atvinnutorgs í Reykjavík felst í einstaklingsmiðaðri ráðgjöf/stuðningi atvinnuráðgjafa við vinnufæra atvinnuleitendur í Reykjavík. Þjónustan getur verið í formi viðtala, atvinnuleitar á Atvinnutorgi, tímabundinna ráðninga/starfsþjálfunar, námskeiða, leiðsagnar, fræðslu eða hvers þess sem gerir einstaklinginn betur í stakk búinn til að fara út á vinnumarkaðinn í nánustu framtíð.

Tilvísanir til Atvinnutorgs á árinu 2013 komu frá þjónustumiðstöðvum borgarinnar og Vinnumálastofnun. Starfsmenn Atvinnutorgs kynna sér mál hvers einstaklings og leggja mat á aðstæður í nánu samstarfi við þjónustumiðstöðvar í hverfum Reykjavíkurborgar og Vinnumálastofnun.

Markmið Atvinnutorgs er:

- að auka virkni ungra atvinnuleitenda með áherslu á þá sem eingöngu hafa fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá Reykjavíkurborg.
- að auka samstarf og samfellu í þjónustu Vinnumálastofnunar og Reykjavíkurborgar við ungt fólk án atvinnu og án tillitis til réttinda þess innan atvinnuleysistryggingakerfisins.
- að auka sérstaklega virkni þess unga fólks sem hvorki er í skóla né vinnu og hefur ekki sótt um fjárhagsaðstoð.

Atvinnutorg er tilraunaverkefni til þriggja ára með það að markmiði að hjálpa þeim hópi atvinnuleitenda sem stendur hvað veikast í samanburði við aðra hópa atvinnuleitenda. Þessi hópur þarf meiri einstaklingsmiðaðri þjónustu og atvinnutengd úrræði til að koma sér á framfæri á vinnumarkaði en aðrir hópar.

ÞJÓNUSTA ATVINNURÁÐGJAFNA

Notandi á Atvinnutorgi skal hafa einn ákveðinn starfsmann sem sinn persónulega atvinnuráðgjafa allan þann tíma sem viðkomandi er skráður á Atvinnutorg.

Atvinnuráðgjafi skal fylgja einstaklingsáætlunum sinna skjólstæðinga eftir með reglubundnum viðtölum við notendur. Þegar einstaklingur hefur verið ráðinn í



Starfsfólk Atvinnutorgs í Reykjavík á árinu 2013

starfsþjálfun eða í tímabundna ráðningu hjá stofnun/fyrirtæki skal atvinnuráðgjafi veita eftirfylgd og vera bæði vinnustaðnum og notandanum til ráðgjafar og hafa regluleg samtöl við báða aðila. Atvinnuráðgjafa ber að leggja mat á árangur hvers og eins notanda við útskrift af Atvinnutorgi.

Eftir að einstaklingi hefur verið boðin þjónusta Atvinnutorgs er hann boðaður í fyrsta viðtal hjá atvinnuráðgjafa og ber þeim að gera í sameiningu einstaklingsáætlun fyrir næstu þrjá mánuði. Inn í þeirri áætlun er samkomulag um þátttöku í þeim úrræðum sem Atvinnutorg býður upp á sem hluta af áætlun að settum markmiðum.

ATVINNULEIT Á ATVINNUTORGI OG ÖNNUR ÚRRÆÐI

Á Atvinnutorgi er að öllu jöfnu skyldumæting í minnst klukkutíma á dag, 2-4 sinnum í viku þar sem atvinnuleitendur verja tíma sínum undir leiðsögn atvinnuráðgjafa við að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði og leita að störfum. Atvinnuleitandi skuldbindur sig til að mæta á fyrirfram ákveðnum tíma og stimplar sig inn og út við komu og brottför. Ávallt er atvinnuráðgjafi til taks sem veitir leiðsögn við gerð ferilskrár, kynningarbréfs eða leit að atvinnuauðgýsingum bæði á netinu og í dagblöðum. Ráðgjafar hafa einnig prentað út auðgýsingar í hverri viku sem atvinnuleitendur geta skoðað í þar til gerðri möppu á Atvinnutorgi.

Tímabundin ráðning / starfsþjálfun er allt að sex mánaða ráðning notenda í tiltekið verkefni/starf hjá fyrirtæki eða stofnun. Tímabundin ráðning / starfsþjálfun er á bilinu 50%- 100% starf þar sem notandi skrifar undir ráðningarsamning og fær laun skv. kjarasamningum hverju sinni. Upphæð atvinnuleysisbóta eða styrkur að upphæð fjárhagsaðstoðar frá Reykjavíkurborg ganga upp í laun viðkomandi. Reykjavíkurborg greiðir auk þess það sem upp á vantar í laun og launatengd gjöld fyrir notendur með fjárhagsaðstoð í störfum hjá A-hluta vinnustöðum borgarinnar. Vinnumálastofnun greiðir það sem samsvarar upphæð atvinnuleysisbóta auk 8% í lífeyrissjóð fyrir notendur sem njóta réttar til atvinnuleysisbóta í borgarstörf og í störf hjá einkafyrirtækjum. Atvinnulausir án bótaréttar sem fá fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg geta einnig farið í starfsþjálfun hjá einkafyrirtækjum og þá fylgir styrkur frá Reykjavíkurborg með í starfið og fyrirtækið borgar það sem upp á vantar.

Á Atvinnutorgi er einnig leitað samstarfs við aðila á grunni einstaklingsáætlana eins og símenntunarmiðstöðva, skóla, meðferðaraðila og Virk starfsendurhæfingar ásamt þeim sem þörf á þykir.

ÞVERFAGLEG VINNA Á ATVINNUTORGI Í REYKJAVÍK

Starfsfólk Atvinnutorgs vinnur sem **þverfaglegt teymi** að markmiðum Atvinnutorgs og þróa ólík úrræði sem henta til þess að styðja við atvinnulaus ungmenni á Atvinnutorgi. Ýmis styttri námskeið t.d. við gerð ferilskráa, kynningarbréfa, vinnumarkaðsfræðslu, markmiðasetningu, fjármálafræðslu og fleira eru í boði á Atvinnutorgi. Önnur úrræði þróast með þeirri þverfaglegu teymisvinnu sem fram fer á Atvinnutorgi hverju sinni. Í

Þessu samhengi skal haft í huga að verkferlar á Atvinnutorgi eru í stöðugri þróun starfsfólks á Atvinnutorgi undir forystu faglegs stjórnanda.

RANNSÓKN Á AFRDRIFUM OG VIÐHORFUM UNGMENNA SEM FENGIÐ HAFA ÞJÓNUSTU ATVINNUTORGA.

Á sumarmánuðum ársins 2013 var framkvæmd rannsókn á afdrifum og viðhorfum ungmenna sem fengið höfðu þjónustu Atvinnutorga á árinu 2012. Rannsóknin var unnin af Velferðarsviði Reykjavíkurborgar í samvinnu við Rannsóknastofnun í barna og fjölskylduvernd, Kópavogsbæ, Hafnarfjörð, Suðurnes, Vinnumálastofnun og velferðarráðuneytið. Rannsóknin fékk styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna og ábyrgðarmaður var Jóna Guðný Eyjólfsdóttir. Markmið rannsóknarinnar var tvíþætt. Annars vegar að bera saman verklag Atvinnutorga í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og á Suðurnesjum. Og hins vegar að kanna afdrif þeirra ungmenna sem nýttu sér úrræðið árið 2012 og kanna viðhorf þeirra til þjónustunnar.

Helstu niðurstöður er að finna í viðhengi 1 aftast í þessari ársskýrslu.

STARFSEMIN Á ÁRINU 2013

Stýrihópur Atvinnutorgs í Reykjavík

Í stýrihópi Atvinnutorgs í Reykjavík sitja 5 aðilar auk verkefnisstjóra. Fyrir hönd Vinnumálastofnunar sátu á árinu 2013 Hrafnhildur Tómasdóttir og Laufey Gunnlaugsdóttir og fyrir hönd Reykjavíkurborgar sátu Jóna Guðný Eyjólfsdóttir og Ragnhildur Ísaksdóttir. Verkefnisstjóri boðaði fundi stýrihóps og fundaði hann í hverjum mánuði á árinu 2013 til að taka stefnumarkandi ákvarðanir og fylgjast með gangi verkefnisins.

Starfsmannamál

Á árinu 2013 störfuðu félagsráðgjafar, náms og starfsráðgjafar, sálfræðingar, áfengis og vímuefnaráðgjafi auk mannauðsráðgjafa á Atvinnutorgi í Reykjavík.

Þann 31.ágúst hættu Eva Rós Gunnarsdóttir sálfræðingur og Jódís Bjarnadóttir félagsráðgjafi störfum og voru Ragnhildur Ólafsdóttir náms- og starfsráðgjafi og Klara Valgerður Brynjólfsdóttir félagsráðgjafi ráðnar í stað þeirra frá og með 1.september. Þann 31. desember hætti Tómas Hermannsson sálfræðingur störfum.

Á Atvinnutorgi í Reykjavík voru 7 stöðugildi allt árið 2013.

Alþjóðlegt samstarf

Transnet ráðstefna

Transnet er samevrópskt verkefni sem stýrt er af Jobbtorget Stockholm og er ætlað að efla starfsmenntun þess starfsfólks sem Jobbtorget Stockholm býr yfir. Verkefnið er til tveggja ára og klárast í mars 2014. Þátttakendur í verkefninu með Stokkhólmsborg eru fimm sveitarfélög í fimm löndum: Birmingham í Bretlandi, Berlin í Þýskalandi, Warshaw í Póllandi, Rotterdam í Hollandi og Val de Marne í Frakklandi. Atvinnutorg í Reykjavík er svokallaður “observatory partner” í þessu verkefni sem gefur Atvinnutorgi aðgang að öllum vinnuskýrslum sem unnar eru í hverri heimsókn fyrir sig. Slíkt er afar mikilvægt fyrir þekkingaröflun Atvinnutorgs og mun reynast vel í vinnu verkefnisins næstu árin. Verkefnisstjóri og deildarstjóri atvinnumáladeildar fóru á ráðstefnu sem haldin var í tengslum við Transnet í október 2013.

Heimsókn franska atvinnuráðgjafa

Atvinnutorg í Reykjavík frékk í heimsókn franska atvinnuráðgjafa frá sveitarfélaginu Agen í suðurhluta Frakklands í desember 2014. Þetta var 7 manna hópur sem vinnur fyrir *Mission Locale de l'Agenais, de l'Albret et du Confluent*. Hann kom hingað í gegnum Leonardo mannaskiptaverkefni til að læra af öðrum þjóðum og Atvinnutorgið hélt stóran vinnufund með þeim í desember sem nýttist vel í vinnu Atvinnutorgs.

Atvinnutorg á Jobbtoppmöte í Stockholm

Atvinnutorg í Reykjavík var heiðrað á þann hátt að vera fulltrúi Íslands ásamt tveimur öðrum verkefnum á ráðstefnu sem haldin var í Stokkhólmi í maí 2013 sem nefndist Jobbtoppmöte. Ráðstefnan var hluti af formennskuáætlun Svíþjóðar í Norræna ráðherraráðinu og var tilgangurinn að gefa ólíkum atvinnuúrræðum fyrir ungt fólk tækifæri til að kynna sig og kynna öðrum sem sýnt höfðu góðan árangur. Þarna var forsætisráðherrum og vinnumarkaðsráðherrum Norðurlandanna boðið að koma og kynna sér úrræði sem þeir gerðu. Atvinnutorg átti bás á ráðstefnunni sem sjá má á meðfylgjandi mynd.



Nýting á úrræðum.


Á Atvinnutorgi er lögð áhersla á að nýta þann mannauð sem býr í ráðgjöfum og þann þverfaglega bakgrunn sem þeir hafa. Þar af leiðandi hefur það ávallt verið stefna verkefnisins að höfuðáhersla yrði lögð á einstaklingsmiðaðan stuðning við einstaklinga með daglegri mætingu á Atvinnutorgi. Með daglegri mætingu er átt við klukkustunda mætingu atvinnuleitandans í tölvuver Atvinnutorgs 2-4 sinnum í viku, allt eftir áætlun hvers og eins atvinnuleitanda á Atvinnutorgi.

Tímabundnar ráðningar / starfsþjálfun eru helsta úrræði Atvinnutorgs (á eftir þeirri einstaklingsmiðuðu þjónustu sem fram fer á Atvinnutorgi) og voru **65 starfsþjálfunarsamningar** gerðir á Atvinnutorgi á árinu 2013. Árið 2012 voru gerðir 45 starfsþjálfunarsamningar svo í heildina hafa verið gerðir 110 starfsþjálfunarsamningar á árunum 2012 og 2013 þar sem styrkur er veittur með atvinnuleitanda inn í starf til allt að 6 mánaða. Áhugavert gæti verið að skoða nánar árangurinn af þeim ráðningum sem í mörgum tilfellum hafa leitt til starfa í kjölfar starfsþjálfunar.

Í töflunni hér að neðan má sjá hvert einstaklingar fóru í tímabundnar ráðningar / starfsþjálfun á árinu 2013.

Tímabundnar ráðningar á Atvinnutorgi í Reykjavík 2013	Dálkur1
Vinnustaður	Fjöldi
Reykjavíkurborg	
Velferðarsvið	7
Menningar- og ferðamálasvið	5
Íþrótt og tómstundaráð	9
Umhverfis- og skipulagssvið	16
Skóla- og frístundasvið	7
Miðlæg stjórnsýsla	3
Skógræktarfélag Reykjavíkur	4
Aðrir vinnustaðir	
Hampiðjan	3
Bónstöðin Borgartúni	1
Eimskip	1
HljóðX - ID Electronic	1
Höfuðlausnir	1
Íslandspóstur	1
Landsbókasafnið	1
Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu	1
Sorpa	1
Stjörnugarðar	1
Sælgætisgerðin Freyja	1
K16	1
	65

Á myndinni hér að neðan má sjá fjölda þeirra sem fóru í starfsþjálfun/tímabundnar ráðningar (65) skipt niður eftir kyni og atvinnustöðu/bótarétti.



Á árinu 2013 var 18 aðilum vísað á styttri námskeið ýmiskonar. Helstu námskeið eru: námskeið Hins Hússins, Námsflokkar Reykjavíkur, kvíðameðferðarnámskeið, vinnuvélanámskeið og tungumálanámskeið.

Á árinu 2013 var 5 einstaklingum vísað í viðtalsmeðferðir hjá sálfræðingi eða áfengis- og vímuefnaráðgjafa hjá annað hvort Foreldrahúsi eða SÁÁ.

Á árinu 2013 var 4 einstaklingum vísað í meðferð hjá SÁÁ eða öðrum meðferðarstöðum á borð við Teig og Hlaðgerðarkot.


Á árinu 2013 var 3 einstaklingum vísað í starfsendurhæfingu hjá VIRK starfsendurhæfingu.

Nauðsynlegt er fyrir Atvinnutorg að geta vísað einstaklingum í sérhæfðari úrræði þegar þess gerist þörf en að öðrum kosti hefur hin mikla virkni með mætingu á Atvinnutorg gefið mjög skýra sýn á næstu skref í þjónustu við fólk. Þjónustumiðstöðvar og Atvinnutorg vinna þá í sameiningu að sem bestri lausn fyrir viðkomandi og þá liggur beinast við að þjónustumiðstöð taki næstu skref ef viðkomandi er ekki vinnufær og þar með gjaldgengur í þjónustu á Atvinnutorgi.



TÖLUR UM STARFSEMINA Á ÁRINU 2013

Þjónustuhópurinn 2013


Í heildina fengu **291 einstaklingur** þjónustu Atvinnutorgs í Reykjavík á árinu 2013. Alls var **182 nýjum þjónustuþegum** vísað í þjónustu Atvinnutorgs í Reykjavík á árinu 2013. Í heildina hafa **408 einstaklingar** fengið þjónustu Atvinnutorgs frá upphafi verkefnisins.




Eins og sjá má á myndunum hér að ofan þá hefur kynjahallinn í þjónustuhópnum haldið sér nokkruð óbreyttur milli ára 2012 og 2013.



Fjöldi barna á framfæri þeirra sem þjónustu fengu á Atvinnutorgi 2013
291 einstaklingur




Mynd sem sýnir fjölda þeirra sem fengu þjónustu á Atvinnutorgi árið 2013 skipt niður eftir tilvísunaraðila og kyni
291 einstaklingur




Nýjar tilvísanir á árinu 2013

Í heildina komu 182 nýjar tilvísanir í þjónustu á Atvinnutorg (226 árið 2012). Á myndinni má sjá hvaðan þær tilvísanir komu skipt niður eftir kyni.




Af þeim 182 sem hófu þátttöku á Atvinnutorgi á árinu 2013 hafa 115 lokið þátttöku 1. janúar 2014. Á myndinni hér að neðan má sjá hver afdrif þeirra urðu.




Staðan (1.jan 2014) á þeim sem fengu þjónustu Atvinnutorgs á árinu 2013.

**Staðan á þeim sem fengu þjónustu Atvinnutorgs á árinu 2013
þann 31.des 2013 - 291 einstaklingur**





Staðan 31.des 2012 á þeim sem fengu þjónustu Atvinnutorgs í Reykjavík á árinu 2012 - 226 einstaklingar



Staðan á þeim einstaklingum sem hættir eru í þjónustu á Atvinnutorgi

Alls hafa **303 einstaklingar** hætt í þjónustu Atvinnutorgs frá upphafi.

Kíkjum á það hvert þeir fóru og hver staða þeirra er í dag skv. upplýsingum Atvinnutorgs í Reykjavík.




Líkt og sjá má á myndunum hér að ofan þá gátum við sagt að árið 2012 hefðu 70% þeirra sem lokið höfðu þjónustu farið í starf eða nám og hætt með bæt看/fjárhagsaðstoð. Nú þegar horft er aftur um tvö ár og við skoðum stöðu þeirra sem lokið hafa þjónustu frá upphafi (303 einstaklingar) þá getum við sagt að 68% hafi farið frá okkur í starf eða nám og hætt með bæt看/fjárhagsaðstoð.

Til að meta árangur Atvinnutorgs er

best að skoða betur þann hóp einstaklinga sem hætt hafa í þjónustu (303 einstaklingar) og athuga hver staða hans er í dag.

Frá upphafi (17.febrúar 2012) hafa **303 einstaklingar** hætt í þjónustu Atvinnutorgs. Þar af voru **247 einstaklinga** með fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg þegar þeir hófu þátttöku á Atvinnutorgi. Það eru 82%.

Sjá mynd til að gera sér betur grein fyrir þessu.



Það sem þessi mynd hér að ofan segir okkur er það, að af þeim sem fengu fjárhagsaðstoð af hendi Reykjavíkurborgar þegar þeir hófu þátttöku á Atvinnutorgi (247) þá fengu einungis 92 einstaklingar fjárhagsaðstoð 1.janúar 2014.


Það er því 63% árangur af þeim hópi !

63% einstaklinga (155) sem komu inn á Atvinnutorg (og fengu þá fjárhagsaðstoð af hendi RVK) fengu enga fjárhagsaðstoð 1.janúar 2014.

Þegar skoðaðir voru þeir 92 sem fengur fjárhagsaðstoð 1.janúar kom í ljós að 19 þeirra fengu fjárhagsaðstoð í formi námsstyrks.

Af því má ráða að árangurinn geti talist 70% þar sem ákveðinn hópur hafi farið af Atvinnutorgi og í nám styrktu af Velferðarsviði.

Hér má sjá kyn og félagslega stöðu þess hóps sem fékk fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjavíkurborg þegar þeir hófu þátttöku á Atvinnutorgi en eru nú hættir í þjónustu (155 aðilar).



ÁRSREIKNINGUR ATVINNUTORGS OG NÝTING FJÁRMUNA

Rekstrarkostnaður Atvinnutorgs í Reykjavík	RVK+VMST	RVK	VMST
Laun og launatengd gjöld			
Laun, launat.gj og bifreiðastyrkir		25.634.333	19.548.192
Líkamsræktarstyrkir			52.333
Launakostnaður samtals		25.634.333	19.600.525
Reglulegur rekstrarkostnaður		RVK - 4 starfsm.	VMST - 3 starfsm.
Bækur, tímarit, blöð, pappír		165.756	124.317
Viðhald húseigna		22.260	16.695
Aðrar byggingavörur		228	171
Hreinlætistæki		528	396
Skrifstofuáhöld, önnur tæki		108.504	81.378
Viðhaldsvörur		804	603
Rafmagn, heitt vatn		10.164	7.623
Drykkjarvörur		104.388	78.291
Hreinlætisvörur, aðrar rekstrarvörur		36.228	27.171
Hugbúnaðargerð, tölvuvinnsla		281.472	211.104
Öryggisgæsla		14.436	10.827
Prentun, póstburðargjöld		138.648	103.986
Sími, hugbúnaður, afnotagjöld		417.264	312.948
Húsaleiga, skammtímaleiga		2.098.932	1.574.199
Viðhald, málning, rafmagnsvinna ofl.		49.692	37.269
Skrifstofuvélar, viðhaldssamningar		78.888	59.166
Ræsting, Sorphreinsun, endurvinnsla ofl		263.796	197.847
Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegu húsnæði		283.584	212.688
Samtals reglulegur rekstrarkostnaður 2013		4.075.572	3.056.679
Óskiptur rekstrarkostnaður RVK			
Prentun, fjölrítun, bókband, ljósritun og skönnun		14.307	
Síma og fjarskiptagjöld		16.582	
Tölvuþjónusta UTM - Innri viðskipti		40.691	
Ráðstefnugjöld, námskeið, skólagjöld		9.500	
Flugfargjöld starfsmanna		75.120	
Samtals rekstrarkostnaður 2013		29.866.105	22.657.204
Samanlagður rekstrarkostnaður Atvinnutorgs í Reykjavík	52.523.309		
<i>Rekstrarkostnaður Atvinnutorgs hefur hingað til verið reiknaður sem hlutdeild af starfsmannafjölda í Kringlunni 1. Á árinu 2014 mun allur rekstrarkostnaður skiptast jafnt milli VMST og RVK.</i>			

LOKAORÐ

Nú fer senn að líða að því að tvö ár séu liðin frá því Atvinnutorg í Reykjavík fór af stað og hefur úrræðið þróast mjög á þeim tíma sem það hefur starfað. Árangursmælingar sýna svo ekki verður um villst að einstaklingsmiðuð þjónusta við þeinnan hóp atvinnuleitenda er sú aðgerð sem skilar mestum árangri. Utanumhald og traust í samskiptum atvinnuleitanda og ráðgjafa skipta sköpum þegar kemur að því að meta þá þætti sem vega þyngst í þeim árangri sem náðst hefur.

Árangur úrræðisins er metinn þannig að ávallt er horft í þann hóp atvinnuleitenda sem hætta í þjónustu Atvinnutorgs og skoðað hvort þeir hafi fengið fjárhagsaðstoð af hendi Reykjavíkurborgar um hver áramót. Nú sýna niðurstöður að 63% þeirra sem fengu einhverja fjárhagsaðstoð þegar þeir hófu þátttöku á Atvinnutorgi, fengu enga fjárhagsaðstoð 1. janúar 2014 og verður það að teljast mjög góður árangur.

Það sem kætir verkefnisstjóra einnig er hve vel hefur tekist til við að byggja upp þjónustu fyrir þennan hóp atvinnuleitenda sem atvinnuleitendum sjálfum finnst að gagnist sér. Það mun ávallt vera einn af hornsteinum þjónustunnar á Atvinnutorgi að bjóða upp á þjónustu sem henti hverjum og einum til þess að viðkomandi fái aðstoð við að fara að framfleyta sjálfum sér sem fyrst. Niðurstöður rannsóknar sem fylgir hér í viðhengi með ársskýrslunni sannar það svo ekki verður um villst.

Starfsfólki Atvinnutorgs hlakkar til nýrra tíma á nýju og endurbættu Atvinnutorgi á árinu 2014 og hlakkar til að bjóða hingað fólki á öllum aldri.

Tryggvi Haraldsson

Forstöðumaður/verkefnisstjóri Atvinnutorgs í Reykjavík

Rannsókn á afdrifum og viðhorfum ungmenna sem fengið hafa þjónustu Atvinnutorga

Stutt samantekt á rannsókn

Berglind Hauksdóttir, cand. psych. nemi, Guðlaug Friðgeirsdóttir, cand. psych. nemi og Ragnheiður Viðarsdóttir BA nemi í félagsráðgjöf.

Ábyrgðarmaður verkefnis: **Jóna Guðný Eyjólfsdóttir, verkefnastjóri á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar**

Rannsóknir hafa sýnt að afleiðingar langvarandi vanvirkni og atvinnuleysis geta verið alvarlegar, ekki síst fyrir ungt fólk en atvinnuleysi síðustu ára hefur verið hvað mest meðal ungs fólks á aldrinum 16 til 24 ára. Árið 2012 ákváðu velferðarráðuneytið, Vinnumálastofnun, Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær og Reykjanesbær að taka höndum saman og bjóða upp á nýtt úrræði, Atvinnutorg. Helsta hlutverk Atvinnutorga er að auka virkni ungra atvinnuleitenda á aldrinum 16 til 25 ára.

Markmið rannsóknarinnar var tvíþætt. Annars vegar að bera saman verklag Atvinnutorga í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og á Suðurnesjum. Hins vegar að kanna afdrif þeirra ungmenna sem nýttu sér úrræðið Atvinnutorg árið 2012 og fá viðhorf þeirra til þjónustunnar. Ekki hefur áður verið gerð sambærileg rannsókn á Atvinnutorgum.

Aðferð

Þátttakendur

Þátttakendur í fyrri hluta rannsóknarinnar voru sex ráðgjafar á Atvinnutorgi í Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi og á Suðurnesjum. Í seinni hlutanum voru þátttakendur 228 notendur Atvinnutorganna.

Mælitæki

Útbúinn var hálfstaðlaður viðtalslisti og lagður fyrir Atvinnuráðgjafa á Atvinnutorgum til að fá upplýsingar um verklag hvers torgs. Einnig var samin *símakönnun* sem ætluð var notendum Atvinnutorga árið 2012 til að kanna afdrif þeirra og viðhorf til þjónustunnar á Atvinnutorgum.

Framkvæmd

Við upphaf rannsóknar var haft samband við Persónuvernd og hún tilkynnt. Í fyrri hluta rannsóknarinnar var tekið viðtal við ráðgjafa á öllum Atvinnutorgum og þeir beðnir um að gefa upplýsingar um verkferla, kröfur sem gerðar eru til notenda, upplýsingar um ráðgjafa torganna og mat þeirra á verkefninu.

Í seinni hluta rannsóknarinnar var reynt að hafa samband við alla notendur Atvinnutorga árið 2012 til þess að leggja fyrir þá símaviðtal. Hringt var að hámarki fimm sinnum í hvern notanda og spurt um bakgrunn og afdrif þeirra sem til náðist. Viðhorf þátttakenda til þjónustunnar og ráðgjafa var einnig kannað. Jafnframt voru þátttakendur beðnir um að gefa góð ráð og benda á hvað betur mætti fara í þjónustu Atvinnutorga.

Niðurstöður - fyrri hluti

Verklag og mat ráðgjafa á starfsemi Atvinnutorga í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og á Suðurnesjum

Niðurstöður viðtala við ráðgjafa leiddu í ljós að unnið er eftir skráðum verklagsreglum á öllum torgunum en verklag er þó nokkuð ólíkt milli torga. Notendum er vísað inn á Atvinnutorg frá félagsþjónustu sveitarfélaganna og Vinnumálastofnunar. Einnig geta notendur komið inn á Atvinnutorg í Kópavogi, Hafnarfirði og á Suðurnesjum af sjálfsdáðum eða verið vísað þangað af skóla eða forráðamönnum. Öll torgin bjóða upp á vinnustaðanám og starfsþjálfun en útfærslan á slíkum vinnutengdum úrræðum er ólík milli torga og misjafnt hversu fjölbreytt störf torgin geta boðið notendum sínum upp á. Í vinnutengdum úrræðum. Öll Atvinnutorgin bjóða upp á námskeið fyrir notendur en markmið þeirra eru ólík milli torga. Fjölbreyttustu námskeiðsúrræðin eru í boði hjá Atvinnutorgi í Reykjavík og á Suðurnesjum en minnsta framboð námskeiðsúrræða er á Atvinnutorgi í Kópavogi. Jafnvel þó að á öllum Atvinnutorgunum sé lögð áhersla á einstaklingsmiðaða þjónustu er útfærsla þjónustunnar nokkuð breytileg eftir torgum. Einnig eru þær kröfur sem gerðar eru til ráðgjafa nokkuð misskýrar eftir starfsstöðvum og Atvinnutorg í Reykjavík er eina torgið þar sem kröfulýsing hefur verið gerð fyrir þjónustuna.

Mætngarskylda notenda er 100% á öllum torgum en þó er mismunandi milli torga hversu oft notandinn þarf að mæta í viðtöl og á námskeið á vegum Atvinnutorga. Á öllum Atvinnutorgum getur slæm mæting, án veigamikilla ástæðna, leitt til lækkunar grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar.

Aðstæður eru ólíkar milli Atvinnutorga. Á Atvinnutorgi í Reykjavík og á Suðurnesjum er boðið uppá tölvuaðstöðu fyrir notendur þar sem þeir hafa kost á því að sækja um störf undir handleiðslu ráðgjafa en slík aðstaða er ekki til staðar á Atvinnutorgi í Hafnarfirði og Kópavogi.

Viðmælendur virðast allir vera sammála um að Atvinnutorg sem úrræði fyrir atvinnulaus ungmenni sé að virka og það sé þarft verkefni. Hins vegar benda viðmælendur í Reykjavík og á Suðurnesjum á að skortur sé á vinnutengdum úrræðum fyrir notendur á aldrinum 16 til 17 ára þar sem þeir hafa hvorki atvinnuleysisbótarétt hjá Vinnumálastofnun né rétt til fjárhagsaðstoðar.

ar hjá sveitarfélögum og því sé ekki hægt að borga með þeim styrk í vinnutengd úrræði eins og gert er með eldri notendum torganna.

Niðurstöður - seinni hluti

Dreifing þátttakenda

Árið 2012 voru notendur Atvinnutorga 471 talsins samkvæmt notendalistum sem fengnir voru frá Atvinnutorgunum, en það var þýði rannsóknarinnar. Af heildarfjölda voru 228 sem tóku þátt sem samsvarar 48,4 % svarhlutfalli. Ekki náðist í 207 notendur sem jafngildir 44% allra notenda árið 2012. Alls 30 einstaklingar vildu ekki taka þátt í rannsókninni og 11 töluðu ekki íslensku og voru því ekki beðnir um að taka þátt. Alls tóku 152 karlar (67%) þátt og 74 konur (33%) sem er í samræmi við kynjaskiptingu notenda á Atvinnutorgi.

Bakgrunnur og staða þátttakenda

Flestir þátttakenda höfðu einungis lokið grunnskólaprófi, eða um 84%. Rúm 9% þátttakenda höfðu lokið framhaldsskólaprófi og voru mun fleiri í þeim hópi sem voru í vinnu eða námi þegar rannsóknin var gerð. 84,4% þátttakenda höfðu meira en tveggja mánaða samfellda starfsreynslu áður en þeir komu inn á Atvinnutorg og af þeim hópi voru rúm 53% í vinnu eða námi. Hins vegar var staða þeirra 15% þátttakenda sem ekki höfðu unnið í tvo mánuði eða meira samfleytt við upphaf þátttöku verri en aðeins 39% þeirra voru í vinnu eða námi. Starfsreynsla virðist því auðvelda notendum að fá vinnu og því ekki úr vegi að leggja sérstaka áherslu á að koma þeim sem litla eða enga starfsreynslu hafa í vinnutengd úrræði en það gæti aukið líkur á því að notandi fái starf í náinni framtíð. Um helmingur þátttakenda bjó hjá foreldrum við skráningu á Atvinnutorg og um 40% í leiguhúsnæði. Hærra hlutfall þeirra sem bjuggu í leiguhúsnæði við skráningu á Atvinnutorg voru í vinnu eða námi eða um 57%, miðað við 48% þeirra sem bjuggu í foreldrahúsum.

Alls voru 118 þátttakendur í vinnu eða námi þegar rannsóknin var framkvæmd, eða um 52%. Um fimmjungur þátttakenda var enn í þjónustu á Atvinnutorgi (20,6%). Alls voru 45 án atvinnu (19,7%), 11 óvinnufærir (4,8%) og sjö í fæðingarorlofi (3,1%).

Mat á þjónustu

Um 74% þátttakenda voru almennt ánægðir með þá þjónustu sem þeir fengu á Atvinnutorgum og um 86% ánægðir með ráðgjafann sinn. Yfir 90% þátttakenda myndu mæla með Atvinnutorgi við vini sína ef þeir væru í atvinnuleit.

Tafla 1. Mat á þjónustu eftir Atvinnutorgum

	Reykjavík	Kópavogur	Hafnarfjörður	Suðurnes
Mjög	1 (0,8%)	3 (15%)	0 (0%)	1 (2,6%)
Óánægð/ur				
Óánægð/ur	4 (3,3%)	3 (15%)	1 (2,3%)	3 (7,7%)
Hvorki né	23 (18,9%)	4 (20%)	5 (11,4%)	10 (25,6%)
Ánægð/ur	43 (35,2%)	4 (20%)	17 (38,6%)	12 (30,8%)
Mjög ánægð/ur	51 (41,8%)	6 (30%)	21 (47,7%)	13 (33,3%)

Umræða

Niðurstöður fyrri hluta rannsóknarinnar gefa til kynna að Atvinnutorgin fjögur starfi eftir nokkuð ólíkum verkferlum. Samkvæmt velferðarráðneytinu virðist ekki hafa verið gerð krafa um að Atvinnutorgin myndu starfa eftir sömu kröfulýsingu og eftir sömu verkferlum í upphafi. Niðurstöður gefa þó til kynna að ástæða sé til þess að kanna hvort frekari samræming verkferla og samstarf milli Atvinnutorganna sé æskilegt.

Samkvæmt niðurstöðum seinni hluta rannsóknarinnar voru flestir þátttakendur í vinnu á almennum markaði, eða 43% og um 9% voru í námi. Rúmur fimmjungur þátttakenda eða 20,6% var enn í þjónustu á Atvinnutorgi. Vert er að benda á að meðalundirbúningsstími notanda á Atvinnutorgi eru 10 mánuðir miðað við reynslu Svía en rannsóknin tók til allra notenda sem hófu þátttöku árið 2012 og því mætti ætla að hluti þeirra þátttakenda sem enn eru á Atvinnutorgi hafi ekki lokið meðal undirbúningsstíma. Hvað viðhorf þátttakenda til þjónustu Atvinnutorga varðar þá gefa niðurstöður til kynna að flestir þátttakendur hafi almennt verið ánægðir með þjónustuna sem og ráðgjafa. Um 90% þátttakenda myndi mæla með Atvinnutorgi við vini sína ef þeir væru atvinnulausir sem er mjög hátt hlutfall.

Samantekt

Stór hluti þátttakenda á Atvinnutorgunum fjórum fer í kjölfar þátttöku út á vinnumarkað eða í nám. Verklag torganna er nokkuð ólíkt og ástæða til að kanna samræmingu verkferla þar á milli. Þegar á heildina er litið gefa niðurstöður til kynna ánægju ráðgjafa Atvinnutorga og notenda með verkefnið sem úrræði fyrir atvinnulaus ungmenni á aldrinum 16 til 25 ára, en atvinnuleysi síðustu ára hefur verið einna mest hjá þessum hópi. Því mætti ætla að Atvinnutorg sé þarft úrræði fyrir þennan aldursóp þar sem komið er til móts við notandann þar sem hann er staddur hverju sinni og honum veitt hvatning og hjálp við að komast í virkni.

Styrkleikar og takmarkanir rannsóknarinnar

Helsti styrkleiki rannsóknarinnar er sá að reynt var að hafa samband við alla þátttakendur Atvinnutorga árið 2012. Helstu takmarkanir eru hins vegar þær að aðeins náðist í tæpan helming notenda. Óneitanlega hefði hærra svarhlutfall verið til bóta. Jafnframt var svarhlutfall notenda í Kópavogi um tvöfalt lægra en á hinum torgunum, margir neituðu þátttöku eða sögðust ekki geta svarað, þá helst vegna lítillar veru og þjónustu á Atvinnutorgi. Slíkt getur skekkt niðurstöður fyrir Kópavog og gerir samanburð milli torganna erfiðan.